

Skólaráðsfundur 24. janúar kl. 14.30.

Allir fundarmenn mættir nema Sara Bjarnadóttir sem boðaði forföll. Svandís þurfti að yfirgefa fundinn kl. 15.

1. Rútumál – erindi frá nemendum: Svandís bar fram erindi hvort ekki væri hægt að flýta skólarútunni frá 14:35 til 14.25. Fundarmenn töldu skýringuna vera að rútan fer fyrst í Helgafell og síðan Leirvogstungu, þ.e. verið væri að nota sömu rútna á fleira en eitt hverfi. Þórhildur athugaði málið eftir fund og þá kom í ljós að rútur fara kl. 14.20.14.25 og 14.30, engin rúta fer 14.35. Þá var rætt um hvort ekki væri hægt að bjóða uppá ódýrar strætóferðir fyrir nemendur, td. árskort og léttu með því álagi á skólarútum
2. Svandís ræddi um nýja agakerfið. Fram kom hjá henni að hún teldi mikla ánægju með þetta fyrirkomulag. Talsverðar umræður urðu um kerfið. Umræður um hvort þær skýringar sem sendar voru til foreldrar útskýrðu það sem þurfti.
3. Skóladagatal tekið fyrir og rætt og síðan samþykkt.
4. Samræmd könnunarpróf
Farið yfir glærur varðandi niðurstöður prófanna undanfarin ár. Fundarmenn lýstu yfir áhyggjur af niðurstöðum. Tillaga frá Lexa þess efnis að vel sé farið yfir árgangana í 4.-5.-6. og 7. þ.e. hvernig bekkjunum séu að ganga á milli ára með tilliti til framfara. Erla lagði til að kennarar á miðstigi nýttu sér gátlista yfir hvað nemendur ættu að kunna þegar í 7. bekk er komið. Umræður um niðurstöður og fram kom að miklu skipti að hafa foreldra með sér í þessum málum. Jón bauðst til að vinna með Þórhildi að fara yfir og kryfja niðurstöður og koma með tillögur að úrbótum. Ákveðið að Jón og Þórhildur hittist fyrir næsta skólaráðsfund og komi með niðurstöður þeirrar vinnu á næsta fund.
5. Fjárhagsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 skoðuð og rædd.
6. Lexi sagði lítillega frá kvöldfundi foreldra og þær umræður sem þar urðu. Hann sagði frá því að fundurinn ætlaði að senda inn í Skólaráð umræðuefni frá fundinum og það væri upplagt að taka fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið 16.15